

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

„Íslands kúgara hatari“

Umfjöllun íslenskra sagnaritara og sagnfræðinga um Skúla fógeta

Inngangur

„Stór að gáfum, skörungur að framkvæmd, föðurlandselskari og Íslands kúgara hatari,“ voru eftirmæli Jóns Jakobssonar sýslumanns um Skúla fógeta¹ en þeir Skúli og Jón voru samtímamenn og ágætir kunningjar. Íslands kúgararnir sem hér getur um voru að sjálfsögðu dönsku einokunarkaupmennirnir.

Í tilefni af þriggja alda fæðingarafmæli Skúla fógeta Magnússonar (1711–1794), nú í ár (2011), er ætlunin hér að rifja upp hvernig hans hefur verið minnst í áranna rás. Hver hafa eftirmæli íslenskra sagnaritara og sagnfræðinga verið um Skúla fógeta og fyrir hvað hefur hans einkum verið minnst? Þetta eru spurningarnar sem leitað verður svara við hér. Mikið hefur verið skrifað um Skúla fógeta síðastliðnar tvær aldir og því var úr vöndu að ráða þegar velja átti hvaða verk væru tekin til skoðunar. Fyrir valinu urðu að lokum þau rit er ætla má að hafi verið hvað þekktust á meðal þjóðarinnar á hverjum tíma, þ.e. almenn yfirlitsrit ætluð almenningi en ekki sértækari rannsóknir á sögu 18. aldar.

Umfjöllunin hefst við upphaf 19. aldar og verður efnið rakið áfram allt til dagsins í dag. Fyrst er fjallað örstutt um fjögur söguleg yfirlitsrit frá 19. öld sem eru: *Eftirmæli átjándu aldar* eftir Magnús Stephensen², *Íslands Árbækur* og *Skagfirðingasaga* Jóns Espólíns³ og *Ágrip af sögu Íslands* eftir Þorkel Bjarnason.⁴ Þá er fjallað um tvær ævisögur Skúla frá árunum 1911 og 1966: Jón J. Aðils, *Skúli Magnússon landfógeti 1711–1911*⁵ og Lýður Björnsson, *Skúli fógeti*.⁶ Að lokum eru tekin fyrir þrjú yfirlitsrit um Íslandssögu frá síðari tímum: *Saga Íslendinga* 6.–7. bindi, eftir Þorkel

¹ Jón Jakobsson, „Skúli Magnússon.“ *Merkir Íslendingar*. 5. bindi, s. 55. Jón Jakobsson var sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu 1768 – 1805.

² Magnús Stephensen, *Eftirmæli átjándu aldar eftir Krists hingad burð, frá Ey-konunni Íslandi*. Leirárgörðum við Leirá, 1806.

³ Jón Espólín, *Íslands Árbækur í sögu-formi*. 10.–11. bindi, Khöfn 1843/54. – Jón Espólín, Einar Bjarnason, *Saga frá Skagfirðingum 1685–1847*. 1. bindi, umsjón með útgáfu: Kristmundur Bjarnason, Hannes Pétursson og Ögmundur Helgason, Rvk 1976.

⁴ Þorkel Bjarnason, *Ágrip af sögu Íslands*. Rvk 1880. 2. útgáfa óbreytt, Rvk 1903.

⁵ Jón Jónsson, *Skúli Magnússon landfógeti 1711–1911*. Rvk 1911.

⁶ Lýður Björnsson, *Skúli fógeti*. Menn í öndvegi 2. Rvk [1966].

Jóhannesson,⁷ *Íslandssaga til okkar daga* eftir Björn Þorsteinsson og Bergstein Jónsson⁸ og *Saga Íslands* 8. bindi eftir Lýð Björnsson.⁹ Tekin verða dæmi úr öllum ofangreindum ritum og ættu þau að gefa nokkuð skýra mynd af viðfangsefninu. Rúmsins vegna verður kannski víða farið hratt yfir sögu en það kemur vonandi ekki að sök.

Rit frá 19. öld

Eptirmæli átjándu aldar eftir Magnús Stephensen dómstjóra, 1806

Magnús Stephensen (1762–1833) var sonur Ólafs Stephensens stiftamtmanns en þeir Ólafur og Skúli voru ágætir kunningjar þó svo að þeir ættu ekki alltaf skap saman. Magnús hefur því mjög sennilega eitthvað þekkt til Skúla og starfa hans, bæði persónulega og eftir frásögn föður síns. Í *Eptirmælum átjándu aldar* lætur Magnús Stephensen Ey-konuna Ísland eða Eyjuna Ísland hafa orðið og minnst hún Skúla landfógeta svo:

Skúli Magnússon varð landfógeti, þann 9da Decembr. 1749; var eptir Rentukammers skipun, við embættið lofaður 1793, sagði því ásamt sjálfur frá sér, öðlaðist Pensiön og deyði 9da Nóv. 1794; hann varð mér, í mörgu tilliti, með merkilegustu embættismönnum um sína tíð.¹⁰

Margar þær framfarir, sem höfðu orðið á öldinni eins og starfsemi Innréttinganna, þakkar Magnús, eða ey-konan Ísland, Skúla sérstaklega:

Upphvatning fyrstu og ávísun hérum má eg, eins og þá arðsömu dönsku vefi, þacka Landfógeta mínum Skúla Magnússyni, er leiddi klæða-vefsmiðjuna inn í Reykjavík.¹¹

Skagfirðingasaga Jóns Espólíns og Árbækur Íslands

Í *Sögu frá Skagfirðingum eftir Jón Espólín* (1769–1836), sýslumann og sagnaritara, frá fyrri hluta 19. aldar segir töluvert frá Skúla Magnússyni en Skúli var sýslumaður Skagfirðinga í 12 ár, frá 1737 til 1749, eða þangað til hann tók við embætti landfógeta. Espólín segir Skúla hvorki hafa skort „áræði né framkvæmdir.“¹² Hann

⁷ Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga* 6. bindi. Tímabilið 1701–1770. Rvk 1943. – Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga* 7. bindi. Tímabilið 1770–1830. Upplýsingaröld. Rvk 1950. Síðari hluti 6. bindis um tímabilið, 1751–1770 þar sem fjallað er um Skúla Magnússon, er alfarið eftir Þorkel Jóhannesson.

⁸ Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, *Íslandssaga til okkar daga*. Rvk 1991.

⁹ Lýður Björnsson, „18. öldin.“ *Saga Íslands* VIII. Ritstj. Sigurður Línal. Rvk 2006.

¹⁰ Magnús Stephensen, *Eptirmæli átjándu aldar*, s. 616.

¹¹ Sama rit, s. 538.

¹² Jón Espólín, Einar Bjarnason, *Saga frá Skagfirðingum*, s. 81.

gekk hart fram í sýslumannsstörfum sínum, einkum ef um viðskipti við heldri menn var að ræða en fátækum var hann góður. Espólín orðar það svo:

[Skúli] var ör af fé og trúlyndur við alla þá menn, er vinir hans voru, og hvern, sem honum þótti manndómur í; oft þótti hann harðtækur, en góður var hann löngum ekkjum og börnum aðstoðarlausum og veitti þeim oft mikla hjálp; hafði hann og ærið á að taka; ekki var hann orðsjúkur eða smámunasamur um nokkurn hlut.¹³

Lýsing Espólíns á Skúla er ekki síðri í *Íslands Árbókum*:

[Skúli] var hinn fjörgasti madr, stórbrotinn ok hugadr vel til hvers sem at kom, þótti nokkut svadafenginn á hinum fyrri árum, ok frekr vid öl, ok nokkut harðdrægr; voru þarum sagnir margar, ok sumar sannar; þótti hönum gaman af því hverr sem einbeittr var í góðu eda illu; hann var vel munadarleysingjum, ok kalladr raungódr, ok var trúlyndr.¹⁴

Að síðustu þegar Espólín segir frá andláti Skúla bætir hann við um hann: „hafði hann mestr afkastamadur verit á þeim manns aldri.“¹⁵

Ágrip af sögu Íslands eftir Þorkel Bjarnason, 1880

Ekki fannst meira ritað um Skúla fógeta í almennum söguritum fyrir en í lok 19. aldar. Árið 1880 kom út lítil bók sem hét *Ágrip af sögu Íslands* eftir séra Þorkel Bjarnason (1839–1902), prest á Reynivöllum í Kjós. Þetta var hin fyrsta eiginlega kennslubók í Íslandssögu en Þorkell ætlaði bókina bæði unglungum í skóla og almennum lesendum eftir því sem segir í formála hennar.¹⁶ Í bókinni er Skúla fyrst og fremst lýst sem miklum andstæðingi einokunarkaupmanna og Innréttungarnar sagðar beinlínis stofnaðar þeim til höfuðs. Skúli „varð fyrir margra hluta sakir einn hinn merkasti maður aldarinnar hér á landi,“ segir Þorkell og minnst hans síðan á eftirfarandi hátt:

Skúla var mjög gramt í geði við einokunarverzlunina, og höfðu ýms félög leigt verzlunina frá 1706–1742. Frá 1. janúar 1743 fengu hörmangarar í Kaupmannahöfn verzlunina, og voru þeir einhverjir hinir harðdrægustu landsmönnum. Skúli vildi fyrir hvern mun hnekkja verzlun þeirra, og sökum þess tók hann fyrir sig, að koma upp iðnaði í landinu sjálfu, svo að ullin yrði unnin á arðsamara hátt, stofna fiskiveiðar á þilskipum, og kenna landsmönnum að salta fisk sinn, o. s. frv., og hugði hann, að þetta myndi með tímanum verða vegr til að vinna svig á einokuninni.¹⁷

¹³ Sama rit, s. 73.

¹⁴ Jón Espólín, *Íslands Árbækur*, 10. bindi, s. 33.

¹⁵ Jón Espólín, *Íslands Árbækur*, 11. bindi, s. 74.

¹⁶ Þorkell Bjarnason, *Ágrip af sögu Íslands*, s. III.

¹⁷ Sama rit, s. 93.

Þetta hafa verið fyrstu kynni íslenskra ungmenna af Skúla Magnússyni í lok 19. aldar. Þó verður að hafa í huga að Íslandssaga var almennt ekki kennd í skólum á þessum tíma. Það var ekki fyrr en með setningu fræðslulaganna 1907 sem skylt var að kenna sögu í barnaskólum. Á sama tíma var farið að kenna Íslandssögu sem sérstaka námsgrein við Lærða skólann í Reykjavík.¹⁸ Næst verður litið til söguritunar á 20. öld. Verður þá farið aðeins hægar yfir sögu enda til mun meira af efni frá því tímabili.

Ævisögur

Skúli Magnússon landfógeti eftir Jón Jónsson, 1911

Ævisaga Skúla Magnússonar landfógeta eftir Jón Jónsson, er síðar nefndi sig Jón J. Aðils (1869–1920), var hin fyrsta heildstæða ævisaga Skúla sem út var gefin en hún kom út í tilefni af 200 ára fæðingarafmælis hans árið 1911. Fróðlegt er nú 100 árum síðar að rifja upp hvernig hans var minnst við þau tímamót. Í bókinni er Skúla lýst sem miklum skörungi og ekki hvað síst sem miklum andstæðingi einokunarverslunar. Hér skulu tekin nokkur dæmi um það ásamt fleiru.

Jón byrjar á að segja frá uppvaxtarárum Skúla en Skúli er sagður hafa verið mjög erfiður og ódæll á bernskuárum sínum, og það svo mjög að hann var sendur til afa síns, Einars prests að Garði í Kelduhverfi, til uppeldis og fósturs.¹⁹ Þegar Skúli sneri aftur í foreldrahús eftir um þriggja ára dvöl hjá afa sínum var helsta ráð séra Einars til Magnúsar föður Skúla að láta „dreginn ætíð hafa nóg að starfa, það eitt getur haldið honum í skefjum.“²⁰ Segja má að þetta ráð séra Einars hafi orðið að áhrínsorðum því Skúli hefur örugglega haft nóg að starfa um ævina, eftir því sem fram kemur í öllum helstu heimildum um hann.

Á sýslumannsárum sínum í Skagafirði (1737–1749) er Skúli sagður hafi verið „hinn mesti uppgangsmáður í hvívetna.“²¹ Hann var hjálpsamur við þá er minna máttu sín en bauð heldri mönnum byrginn:

Skúli var ör af fé og góður þótti hann löngum ekkjum og börnum aðstoðarlausum og veitti þeim oft mikla hjálp, en harðskiftinn þótti hann við ríkismenn og heldri menn, en þeir þoldu illa sumir hverir og lögðu fæð á hann.²²

Hér er fyrrnefnd lýsing Jóns Espólíns að líkindum lögð til grundvallar.

¹⁸ Ingi Sigurðsson. *Íslensk sagnfræði frá miðri 19. öld til miðrar 20. aldar*. s. 101–102.

¹⁹ Jón Jónsson, *Skúli Magnússon landfógeti*, s. 9.

²⁰ Sama rit, s. 10.

²¹ Sama rit, s. 56.

²² Sama rit, s. 47–48.

Skipun Skúla í landfógetaembættið 1749 þótti marka nokkur tímamót þar sem nú var í fyrsta sinn skipaður íslenskur maður í það embætti. Jón dregur upp eftirfarandi mynd af Skúla:

Hann var alkunnur atorku og dugnaðarmaður og hafði með ötulleik sínum og starfsemi unnið sér álit og viðurkenningu stjórnarinnar. Hann var hinn mesti föðurlandsvinur, og mátti því vænta þess af honum, að hann af fremsta megni mundi leitast við að ráða bót á göllum þeim, er á voru högum lands og þjóðar, og hann var maður góðum gáfum gæddur, svo ætla mátti, að hann bæði sæi ráð til að kippa ýmsu í lag og kynni að flytja mál sitt við stjórnina af skynsemd og einurð.²³

Mestu rúmi í ævisögunni ver Jón J. Aðils til að fjalla um aðkomu Skúla að iðnaðarstofnunum eða Innréttingunum og deilum hans við verslunarmenn. Innréttingar Skúla fógeta telur Jón J. Aðils hafa verið fyrsta vísi að þéttbýli í Reykjavík og segir: „Mætti því vel telja Skúla annan höfund Reykjavíkur, sé Ingólfur talinn fyrstur.“²⁴ Jón rekur síðan nákvæmlega deilur Skúla við Hörmangarafélagið og kallar hann „forvígishetju“ Íslands:

En svo hefir jafnan reynzt í sögu mannkynsins, að forvígishetjan rís upp, þegar fylling tímans er komin, og fór svo einnig hér á Íslandi um þessar mundir. Og forvígishetjan var Skúli Magnússon landfógeti.²⁵

Skortur var á nauðsynjavöru í verslunum Hörmangara eða þær skemmdar en hins vegar voru þar ríflegar birgðir af tóbaki, brennivíni og kramvöru, auk þess sem ekki var alltaf rétt vegið segir Jón. Þá rekur hann á ákaflega skemmtilegan hátt viðureign Skúla við Grindavíkurkaupmann sem víðfræg er orðin og viðureign hans við Hafnarfjarðarkaupmann sumarið eftir. Hann eignar síðan Skúla mesta heiðurinn að því að Hörmangarafélagið varð að láta Íslandsverslunina af hendi:

Það getur enginn vafi á því leikið, að Skúli Magnússon var sá maður, sem mestan og beztan þátt átti í því, að steypa undan félaginu. Hann þreyttist aldrei að skrifa stjórninni og skýra frá yfirgangi kaupmanna. Yrði hann þess áskynja, að eitthvað færi aflaga í verzlunarháttum, annaðhvort að vörur væri illar og ónógar eða að kaupmenn beittu ofríki gegn fátæklingum og vesalmönnum, þá var hann óðar uppvægur og hvatti menn til að kæra mál sitt, eða gerði það sjálfur fyrir þeirra hönd. Hann var jafnan á hælum kaupmanna

²³ Sama rit, s. 81.

²⁴ Sama rit, s. 98.

²⁵ Sama rit, s. 126.

og hafði sí og æ vakandi auga á gerðum þeirra. Hann sat sig aldrei úr færi, að koma lagi á þá, er þeir gáfu höggstað á sér, og það var oft.²⁶

Jón gerir töluvert úr baráttu Skúla fyrir að leggja niður einokunarverslunina og koma á fót frjálsri verslun hér á landi og segir:

Þannig lét Skúli aldrei hjá líða, er færi gafst, að brýna fyrir mönnum nauðsyn frjálsrar verzlunar. Það var hjartans sannfæring hans, að þjóðin ætti sér engrar uppreisnar von meðan einokunarverzlunin væri við líði, og hann var langt á undan flestum samtíðarmönnum sínum í því efni.²⁷

Að lokum eignar Jón Skúla að nokkru heiðurinn að því að einokunarverslunin var lögð niður árið 1787: „og er eigi að vita, hvort frjáls verzlun hefði komist svo fljótt á á Íslandi, ef eigi hefði á undan gengið alt stríð hans og barátta gegn verzlunaráþjám-inni.“²⁸

Einnig segir Jón J. Aðils frá óreiðu í bókhaldi landfógeta. Stifamtmani bar að hafa eftirlit með reikningsgerð landfógeta en um 1770 fór að bera nokkuð á óreiðu og sjóðþurrð hjá embættinu. Á þessum árum sinnti Skúli landfógetastörfunum ekki sjálfur heldur hafði til þess aðstoðarmann, son sinn Jón Skúlason, er skipaður hafði verið aðstoðarlandfógeti frá árinu 1763 og er honum frekar kennt um óreiðuna en Skúla sjálfum. Jón Skúlason lést árið 1789 eftir nokkur veikindi og eftir það sinnti Skúli landfógetastörfunum einn. Ástandið í bókhaldinu virðist þó ekki hafa lagast mikið við það og vitnar Jón í ummæli Ólafs Stephensen stifamtmanns þar um, að honum Skúla „sé frábærlega lagið að gera reikninga sína svo flókna, að enginn botni í þeim.“²⁹ Jón dregur engan dul á að rétt sé að sjóðþurrð hafi orðið hjá Skúla. Hann hafi tekið „traustataki“ nokkurt fé úr konungssjóði. Jón rekur þessa yfirsjón Skúla til þeirra fjárhagsörðugleika sem hann var kominn í vegna málarekstursins við Almenna verslunarfélagið út af Innréttingunum. Þau málaferli voru ærið kostnaðarsöm og ekki er annað að sjá en Jón finni til með Skúla og fyrirgefi honum yfirsjónina:

Greip hann þá til þess óyndisúrræðis, er mörgum hefir á orðið að grípa til, er svo var ástatt, en það var að flækja reikninga sína, og tókst honum að minsta kosti að draga tímamann með því, þótt eigi mætti hann að öllu leyndu fjárþrotinu.³⁰

²⁶ Sama rit, s. 144.

²⁷ Sama rit, s. 244.

²⁸ Sama rit, s. 250.

²⁹ Sama rit, s. 272.

³⁰ Sama rit, s. 274.

Að lokum rekur Jón myndarskap Skúla við búskapinn í Viðey í stuttu máli. Hann segir að búið í Viðey hafi verið „sannkallað fyrirmyndarbú og jörðin notuð sem frekast mátti um þær mundir.“³¹ Skúli gerði miklar jarðabætur í eygni og var aðalfrumkvöðull þess að korn- og trjáræktartilraunir voru teknar upp á Íslandi. Hann var með mikla matjurtagarða og kom æðarvarpinu í eygni í gott stand, auk þess að vera með um 20 mjólkurkúr og töluvert af sauðfé. Öll hús og garðar voru í besta lagi og vel við haldið.³²

Þessa fyrstu ævisögu Skúla fógeta lagði Jónas Jónsson frá Hriflu (1885–1968) að líkindum til grundvallar þegar hann ritaði um Skúla fógeta í kennslubók sinni í *Íslandssögu* handa börnum sem kennd var í skólum landsins frá 1916 og líklega allt til 1980 (ef ekki lengur). Einnig mun rit Jóns J. Aðils, *Íslenzkt þjóðerni* frá 1903, sem naut mikilla vinsælda á sínum tíma, hafa haft töluverð áhrif á Íslandssögu Jónasar. Þar kallar Jón Aðils Skúla „eitt af þeim fáu svokölluðu mikilmönnum þessa lands.“³³ Jónas bætti þó frekar í og lýsir Skúla sem nálega gallalausum föðurlandsvini og eindregnum andstæðingi einokunar.³⁴ Hér er hann einnig nefndur „Faðir Reykjavíkur“ eins og Jón Aðils hafði gert. Allt sem aflaga fór hjá Innréttingunum kennir Jónas kaupmönnum um: „Langbest gekk með ullariðnaðinn en þar strandaði þó allt á illvilja kaupmannanna er til lengdar lét,“³⁵ segir Jónas og bætir við: „Skúli kom því til leiðar að hörmangarar voru kærðir mörgum, þungum sökum,“ og fór svo að lokum að „félagið var svipt verslunarleyfinu.“³⁶ Fyrstu kynni íslenskra skólabarna á 20. öld af Skúla Magnússyni og kaupmönnum hafa því verið í þessum mjög svo þjóðernislega anda sem rekja má til Jóns J. Aðils.

Skúli fógeti eftir Lýð Björnsson, 1966

Árið 1966 kom út önnur ævisaga Skúla fógeta í ritröðinni *Menn í öndvegi* eftir Lýð Björnsson (f. 1933) sagnfræðing og heitir hún einfaldlega *Skúli fógeti*. Efnislega svipar þeirri sögu að mörgu leyti til sögu Jóns J. Aðils frá 1911. Í fyrstu er gerð grein fyrir æsku- og námsárum Skúla og sýslumannsárum hans í Skagafirði. Meginþungi frásagnarinnar liggur síðan í sögu Innréttinganna og deilum Skúla við verslunarmenn.

³¹ Sama rit, s. 303.

³² Sama rit, s. 301–304.

³³ Jón Jónsson, *Íslenzkt þjóðerni*, s. 198–199.

³⁴ Sjá: Jónas Jónsson (frá Hriflu), *Íslands saga*. 2. hefti, s. 69–87. – Lýður Björnsson, *Skúli fógeti*, s. 98.

³⁵ Jónas Jónsson (frá Hriflu), *Íslands saga*. 2. hefti, s. 73.

³⁶ Sama rit, s. 74–75.

Hér er saga síðari hluta 18. aldar eiginlega sögð samhliða ævisögu Skúla eða eins og segir í bókinni: „Verður ævisaga hans á þessu tímabili svo samofin Íslandssögunni í heild, að hvoruga er unnt að rekja til hlítar án þess að hinnar sé getið.“³⁷ Ekki þykir ástæða til að rekja nákvæmlega allt það sem kemur fram hjá Lýði hér. Þess skal þó getið að fimmti kafli bókarinnar um Innréttingarnar er nefndur *Faðir Reykjavíkur*³⁸ og Skúla þannig minnst sem eins helsta stofnanda Reykjavíkur. Þá er Skúla sömuleiðis þakkað að nokkru afnám einokunarverslunarinnar:

Sást hér fyrsti árangurinn af áratuga baráttu landsins beztu sona með Skúla Magnússon í broddi fylkingar við einokunardrauginn, en telja verður verzlunarlögin 1787 eitt helzta afrek landfógeta. Að vísu kom hann lítt við sögu, er þau voru sett, en langvinn barátta hans við einokunarfélög mun réttlæta þetta mat.³⁹

Lýður segir Skúla tímamótamann sem hafi beitt „sér fyrir miklum endurbótum í atvinnu- og verzlunarmálum Íslendinga.“⁴⁰ Lýður minnir okkur líka á að Skúli hafi verið mannlegur þrátt fyrir allt, sem stundum hefur átt til að gleymast:

Hann verður og ólíkt litríkari persónuleiki, ef haft er í huga, að maðurinn var í hæsta máta mannlegur, þrætugjarn, stríðinn, þver og sló ekki hendi gegn þessa heims lystisemdum, ef svo bar undir, enda allmikill aðdáandi víns og kvenna.⁴¹

Þó að ævisögum Lýðs og Jóns Aðils svipi töluvert til efnislega er frásögn Lýðs öll hófsamari og mjög hefur dregið úr þjóðernishyggjunni sem ríkti í upphafi aldarinnar. Skúla er ekki lengur lýst sem „forvígishetju“ heldur sem einum af merkustu mönnum sinnar tíðar sem fyrst og fremst bar hag Íslendinga fyrir brjósti.

Yfirlitsrit

Saga Íslendinga 6.–7. bindi, 1943/50

Í sjötta bindi af *Sögu Íslendinga* eftir Þorkel Jóhannesson (1895–1960) frá 1943 eru ævistörfum Skúla fógeta gerð ágæt skil. Sagt er frá æskuárum hans á líkan hátt og Jón J. Aðils hafði gert 1911. Skúli er sagður hafa verið „ódæll og örðugur viðurskiptis, er hann stálpaðist, og mætti foreldrar hans trauðlega halda hann fyrir þær sakir. Þoldi hann illa strangan aga og setti hart á móti hörðu, því að skapið var mikið og

³⁷ Lýður Björnsson, *Skúli fógeti*, s. 26.

³⁸ Sama rit, s. 33.

³⁹ Sama rit, s. 89.

⁴⁰ Sama rit, s. 100.

⁴¹ Sama rit, s. 98.

ótamið.⁴² Á sýslumannsárum Skúla í Skagafirði segir Þorkell alla framkomu Skúla hafa verið hina sköruglegustu, ekki hvað síst í duggumálunum svokölluðu⁴³ og um málaferli Skúla gegn Pétri Ovesen kaupmanni á Hofsósi segir Þorkell að Skúli hafa sýnt „röggsemi og kappgirni“⁴⁴ en Skúla tókst að fá Ovesen dæmdan fyrir vörusvik eins og alkunnugt er. Fyrir sýslumannsstörf sín í heild fær Skúli eftirfarandi umsögn hjá Þorkeli:

Verður og tæplega sagt um Skúla, að hann væri mjög refsingasamur við alþýðu. Þó lagðist hann fast á móti brennivínsokri og öðru prangi, er löngum þótti vilja við brenna, og svo flakki og lausamennsku. Þóttust sumir kenna kulda af svo ríkri héraðsstjórn, enda var sýslumaður stór í broti, all-drykkfelldur, svo sem þá var títt, og þá stundum lítt stilltur og nokkuð svakafenginn.⁴⁵

Þorkell segir í örstuttu máli frá búskap Skúla í Viðey, sem hann segir hafa verið hið myndarlegasta: „Víst er um það, að Skúli bjó langa hríð við mikla rausn, hafði með höndum stórfelldar jarðabætur og húsa, lét stunda garðrækt mikla og tilraunir ýmsar um jarðyrkju og heppnaðist margt vel.“⁴⁶

Einnig gerir Þorkell lauslega grein fyrir hverjar helstu embættisskyldur landfógeta voru, þ.e. innheimta opinberra gjalda og umsjón með jarðabókarsjóði. Einnig umsjón með jarðeignum og útgerð konungs á Íslandi, ásamt löggæslustörfum í Gullbringusýslu, eftirlit með verslun o.fl.⁴⁷ Um störf Skúla í sjálfu landfógetaembættinu hefur Þorkell hins vegar ekki mörg orð: „Fór þar allt fram með röggsemi og góðri reglu framan af árum. Naut Skúli þá hins mesta trausts bæði meðal landa sinna og ráðamanna í rentukammerinu ytra, er hann átti mest skipti við.“⁴⁸ Síðan ræðir Þorkell um Innrétingarnar og er baráttu Skúla við kaupmenn víða getið í þeim köflum. Of langt mál væri að rekja það hér en ljóst má vera að hér tvinnast mjög saman almenn atvinnu- og verslunarsaga landsins og ævisaga Skúla.⁴⁹

Í sjöunda bindi af *Sögu Íslendinga*, sem einnig er eftir Þorkel Jóhannesson, segir að Skúli hafi verið „hinn mesti framkvæmdamaður og skörungur, ör af fé og horfði ekki

⁴² Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga* 6. bindi, s. 433. Síðari hluti bókarinnar um tímabilið 1751–1770 er skrifaður af Þorkeli Jóhannessyni.

⁴³ Sama rit, s. 446–448.

⁴⁴ Sama rit, s. 457.

⁴⁵ Sama rit, s. 445.

⁴⁶ Sama rit, s. 462.

⁴⁷ Sama rit, s. 463–464.

⁴⁸ Sama rit, s. 465.

⁴⁹ Sjá: Sama rit, s. 467–505.

í, þótt nokkuð sóaðist stundum.⁵⁰ Hér gerir Þorkell grein fyrir sjóðþurrð landfógeta og óreiðu í bókhaldi hans sem hann kennir Jóni syni hans frekar um. Þorkell vill þó ekki gera mikið úr sjóðþurrðinni og bendir á í lokin að þeir Christian Drese, sem var í embætti landfógeta á undan Skúla, og Paul Michael Finne, sem tók við af Skúla, hefðu líka verið stórskuldugir við konungssjóð þegar þeir létu af embætti.⁵¹

Íslandssaga til okkar daga, 1991

Í *Íslandssögu til okkar daga* eftir Björn Þorsteinsson (1918–1986) og Bergstein Jónsson (1926–2006) sem kom út árið 1991 er Skúla fógeta einkum minnst fyrir aðkomu hans að stofnun og rekstri Innréttinganna og talað um „hinar stórhuga ráðagerðir Skúla.“⁵² Þá er fjallað lauslega um baráttu Skúla gegn Hörmöngurum: „Skúli eyddi kröftum í baráttu við Hörmangara, sem urðu að gefast upp og afsala sér versluninni.“⁵³ Einnig er fjallað um málarekstur eigenda Innréttinganna gegn Almenna verslunarfélaginu sem Skúli var „potturinn og pannan í,“ segir Björn sem skrifaði þennan hluta ritsins.⁵⁴ Í bókinni er hins vegar ekkert fjallað um embættisstörf Skúla sem landfógeta að öðru leyti en því að það þótti sæta tíðindum að íslenskur maður tæki við embættinu.⁵⁵ Að lokum minnst þeir Skúla fyrir óeigingjarnt starf hans í þágu Íslendinga og sem eins helsta stofnanda Reykjavíkur:

Skúli Magnússon andaðist í Viðey 1794, gjaldþrota maður. Hann hafði talist ríkur er hann varð landfógeti, en eyddi bæði eignum og kröftum í baráttu fyrir umbótum á þjóðarbúskap Íslendinga. Hann er nefndur „faðir Reykjavíkur“, og er það réttnefni, því að þorpið við víkina var upphaflega fyrirtæki Skúla fógeta.⁵⁶

Saga Íslands VIII. bindi, 2006

Í *Sögu Íslands*, 8. bindi er 18. öldin tekin fyrir. Stærsti hluti bókarinnar, sem kom út 2006, er skrifuð af Lýði Björnssyni. Skemmtilegt er frá því að segja að í bókinni kemur nafn Skúla Magnússonar oftast fyrir en nokkurs annars manns. Skúli er nefndur á nafn a.m.k. 56 sinnum. Næstir á eftir honum koma þeir Eggert Ólafsson, nefndur í 43 skipti, Magnús Stephensen í 41 skipti og Stefán Þórarinnsson amtmaður í 24

⁵⁰ Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga* 7. bindi, s. 83.

⁵¹ Sama rit, s. 101.

⁵² Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, *Íslandssaga til okkar daga*, s. 239.

⁵³ Sama rit, s. 239.

⁵⁴ Sama rit, s. 243.

⁵⁵ Sama rit, s. 239.

⁵⁶ Sama rit, s. 243–244.

skipti.⁵⁷ Þetta kemur svo sem ekkert á óvart, slíkur athafnamaður sem Skúli var, eða eins og segir í bókinni í byrjun kaflans um Innréttingarnar:

Ævisaga Skúla varð síðan mjög samofin Íslandssöggunni frá því að hann tók við embætti landfógeta og þar til hann lét af því starfi 17. apríl 1793 enda var hann á því skeiði riðinn við flest framfaramál landsmanna og barðist fyrir framgangi þeirra.⁵⁸

Einnig minnst Lýður á myndarskap Skúla við búreksturinn:

Viðey varð bráðlega einhver best setna jörð á landinu enda var Skúli framkvæmdamaður í búskap, stundaði jarðabætur og gerði tilraunir með kornrækt og garðrækt. Slíkt var þá ekki alengt en þekktist þó.⁵⁹

Af lestri kaflans um sögu Innréttinganna og sögu verslunar á tímabilinu 1750–1787 má ráða að Skúla hafi verið mjög hugleikið að koma verslunarmálum landsins í lag,⁶⁰ eins og svo oft hefur verið sagt um hann í gegnum tíðina. Einnig er staðsetning Innréttinganna í Reykjavík talin hafa stuðlað að því að hún yrði framtíðarhöfuðstaður landsins.⁶¹

Í niðurlagi kaflans um 18. öldina kemur fram nýtt og skemmtilegt sjónarhorn á Skúla sem talsmann Íslands í Kaupmannahöfn þar sem hann dvaldi oft heila vetur og stundum samfellt í nokkur ár:

Hann [þ.e. Skúli] og fleiri menn skýrðu viðhorf og þarfir Íslendinga í stjórnardeildunum, fræddu starfsmenn þar og mynduðu tengsl við ráðamenn. Þessir menn gegndu því svipuðu hlutverki á 18. öld og Jón Sigurðsson forseti á þeirri 19. og ýmsir þingmenn á 20. öld.⁶²

Niðurlag

Skúli er oft sagður hafa verið einn merkilegasti embættismaður sinnar tíðar. Ævisaga hans er eiginlega saga landsins á síðari hluta 18. aldar, svo mjög fer þetta tvennt saman. Þeir sem eitthvað þekktu til hans af eigin raun eða afspurn annarra segja að hann hafi verið góður við þá sem minna máttu sín en harðskeyttur og illur viðureignar við þá sem meira máttu sín. Atorku- og dugnaðarmaður, forvígishetja, skörungur, framkvæmdasamur, tímamótamaður eru allt ummæli sem Skúli hefur hlotið hjá íslenskum sagnaritum og sagnfræðingum, á 19. og 20. öld, og telja verður mikið lof.

⁵⁷ Samkvæmt nafnaskrá í: Lýður Björnsson, „18. öldin.“ *Saga Íslands VIII.*, s. 389–413.

⁵⁸ Lýður Björnsson, „18. öldin.“ *Saga Íslands VIII.*, s. 128–129.

⁵⁹ Sama rit, s. 129.

⁶⁰ Sama rit, s. 145–146, 239–241.

⁶¹ Sama rit, s. 138.

⁶² Sama rit, s. 276.

Hann hefur þó líka hlotið miður lofsöm ummæli eins og harðdrægur, frekur við öl, þrætugjarn og stríðinn.

Segja má að Skúla Magnússonar hafi helst verið minnst fyrir óeigingjarnt starf í þágu Innrétttinganna og sem mikils andstæðings einokunarkaupmanna og einokunarverslunar. Um það hafa eiginlega allir verið sammála, allt frá upphafi 19. aldar til dagsins í dag. Þetta eru þau atriði sem hafa fengið mesta umfjöllun á síðum íslenskra sögurita í tengslum við Skúla fógeta. Söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar sem kom svo greinilega fram í upphafi 20. aldar, er þó vissulega horfin með öllu úr nýrri ritum. Hin síðari ár hafa íslenskir sagnfræðingar verið að endurskoða þessa sýn heilmikið. T.d. kemur fram ný sýn á Skúla og einokunarkaupmenn í doktorsritgerð Gísla Gunnarsson frá árinu 1987. Þar er t.a.m. lýst ágætu samkomulagi Skúla við kaupmenn.⁶³ Áhrifin hafa þó ekki enn skilað sér að fullu inn í yfirlitsritin.

Þá hafa íslenskir sagnaritarar mjög oft minnst Skúla sem stofnanda Reykjavíkur og hann gjarnan nefndur „höfundur Reykjavíkur“ eða „faðir Reykjavíkur“ þar sem staðsetning Innrétttinganna í Reykjavík stuðlaði að því að hún varð höfuðstaður landsins. Jón J. Aðils mun líklega hafa verið fyrstur manna til þess að nefna hann svo í ævisögu Skúla frá 1911. Skúla hefur einnig verið minnst fyrir hinn myndarlega búskap sem hann rak í Viðey og sem frumkvöðuls í jarðabótum og garðrækt. Sá hluti af ævistarfi hans virðist þó falla dálítið í skuggann af umræðunni um vefsmiðjur Innrétttinganna og deilum hans við kaupmenn.

⁶³ Ekki er farið nánar í það hér, enda sérstækari rannsóknir og doktorsritgerðir ekki á dagskrá. Sjá: Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602–1787*. Rvk 1987.

Heimildaskrá

- Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, *Íslandssaga til okkar daga*. Rvk 1991.
- Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602–1787*. Rvk 1987.
- Ingi Sigurðsson. *Íslensk sagnfræði frá miðri 19. öld til miðrar 20. aldar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 15. Ritstj. Jón Guðnason. Rvk 1986.
- Jón Espólín, *Íslands Árbækur í sögu-formi*. 10.–11. bindi, Khöfn 1843/54.
- Jón Espólín, Einar Bjarnason, *Saga frá Skagfirðingum 1685–1847*. 1. bindi, umsjón með útgáfu: Kristmundur Bjarnason, Hannes Pétursson og Ögmundur Helgason, Rvk 1976.
- Jón Jakobsson, „Skúli Magnússon.“ *Merkir Íslendingar. Ævisögur og minningargreinar*. 5. bindi, Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar, Rvk 1951.
- Jón Jónsson, *Íslenskt þjóðerni. Alþýðufyrirlestrar*. Rvk 1903.
- Jón Jónsson, *Skúli Magnússon landfógeti 1711–1911*. Rvk 1911.
- Jónas Jónsson (frá Hríflu), *Íslands saga*. 2. hefti, Ríkisútgáfa námsbóka, Rvk 1978. [Frumútgáfa 1915–1916 bar titilinn *Íslandssaga handa börnum*].
- Lýður Björnsson, *Skúli fógeti. Menn í öndvegi* 2. Rvk [1966].
- Lýður Björnsson, „18. öldin.“ *Saga Íslands VIII*. Ritstj. Sigurður Línadal. Rvk 2006.
- Magnús Stephensen, *Eptirmæli átjándu aldar eptir Krists hingad burð, frá Eykonunni Íslandi*. Leirárgörðum við Leirá, 1806.
- Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga* 6. bindi. Tímabilið 1701–1770. Rvk 1943.
- Þorkell Bjarnason, *Ágrip af sögu Íslands*. 2. útgáfa, Rvk 1903.
- Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga* 7. bindi. Tímabilið 1770–1830. Upplýsingaröld. Rvk 1950.